



Vestfjarðastofa

STARFSÁÆTLUN 2026

Hlutverk og framtíðarsýn Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa samþættir krafta landshlutans, fylgir eftir hagsmunum umhverfisins, samfélagsins og efnahagslífs byggðanna og stuðlar þannig að öflugum og sjálfbærum Vestfjörðum.

Stjórn Vestfjarðastofu

Stjórn Vestfjarðastofu fundar alla jafna mánaðarlega og hefur frá upphafi nýtt fjarfundabúnað með góðum árangri. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vefsíðunni www.vestfiridir.is og eru jafnframt sendar sveitarfélögum til kynningar í sveitarstjórn.

Gylfi Ólafsson

Dagný Finnbjörnsdóttir

Hildur Aradóttir

Magnús Ingi Jónsson

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Gauti Geirsson

Guðmundur Fertram Sigurjónsson

Sif Huld Albertsdóttir

Anna Björg Þráinsdóttir

FV / Ísafjarðarbæ, formaður

FV / Ísafjarðarbæ

FV / Kaldrananeshreppi

FV / Bolungarvíkurkaupstaður

FV / Vesturbyggð

Formaður Sóknarhóps / Háafelli

Sóknarhópi / Kerecis

Sóknarhópi / Dokkan Brugghús

Sóknarhópi / Galdrasýning

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum, sameiginlegur vettvangur þeirra og málssvari, stofnuð 11. nóvember 1949.

Tilgangur Fjórðungssambandsins (FV) er að vinna að hagsmunum vestfirskra sveitarfélaga og leiða sameiginleg málefni eftir ákvörðun sveitarfélaganna hverju sinni.

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök Vestfjarða og gera samninga við ríkisvaldið meðal annars um Sóknaráætlun Vestfjarða og rekstur landshlutasamtaka.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd Sóknaráætlunar. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.

Sveitarfélög á Vestfjörðum eru 8 og innan þeirra búa 7.703 íbúar (þjóðskrá des 2025).

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Gylfi Ólafsson

Dagný Finnbjörnsdóttir

Hildur Aradóttir

Magnús Ingi Jónsson

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Ísafjarðarbæ,
formaður

Ísafjarðarbæ
Kaldrananeshreppi

Bolungarvík
Vesturbyggð

Sóknarhópur Vestfjarðastofu

Sóknarhópur Vestfjarðastofu er samstarfsvettvangur atvinnulíf á Vestfjörðum sem er ætlað að stilla saman strengi, efla atvinnulífið og skapa sterka rödd frá Vestfirsku atvinnulífi í umræðunni um framtíðina.

Fyrirtæki sem skrá sig í Sóknar-hópin verða hluti af sterku tengslaneti og af fimm manna stjórn Sóknarhóps eru fjórir í stjórn Vestfjarðastofu og fá þannig tækifæri til að hafa bein áhrif á stefnumótun og framtíðarsýn Vestfjarðastofu.

Stjórn Sóknarhóps Vestfjarðastofu

Gauti Geirsson, Formaður Háafelli

Anna Björg Þráinsdóttir Galdrasýning

Guðmundur Fertram
Sigurjónsson

Kerecis


Sif Huld Albertsdóttir

Dokkan Brugghús

Lilja Sigurðardóttir


Oddi ehf.

Skipurit Vestfjarðastofu






Aðalsteinn
Sviðsstjóri
byggðamála



Annika
Verkefnastjóri miðlunar



Embla Dögg
Verkefnastjóri –
Brothættra byggða
Reykholahrepi




Erna Lea
Verkefnastjóri
farsældarráðs



Guðrún Anna
Teymisstjóri atvinnu- og
byggðapróunar



Hjörleifur
Verkefnastjóri umhverfis- og
loftslagsmála



Kristín
Skrifstofa



Magnea
Verkefnastjóri - Sóknaráætlun



Magnús
Verkefnastjóri fjárfestinga og
nýsköpunar



Margrét
Bókhald



Sigríður Ólöf
Framkvæmdastjóri



Skúli
Menningarfulltrúi og
verkefnastjóri




Steinunn
Verkefnastjóri



Sölvi
Teymisstjóri markaðs og
menningar



Valgeir
Verkefnastjóri –
Brothættra byggða
Kaldrananeshreppi




Vilborg
Verkefnastjóri

Starfsfólk Vestfjarðastofu


Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2026

Starfsáætlun er unnin árlega af starfsfólki Vestfjarðastofu og lögð fyrir stjórnarfund Vestfjarðastofu í lok árs. Grundvallarskjal starfsáætlunar er Sóknaaráætlun Vestfjarða en að auki tekur starfsáætlun mið af eftirfarandi þáttum:



Stærri viðburðir Vestfjarðastofu

2026



Hagsmunagæsla

Eitt af hlutverkum Vestfjarðastofu er að vera í forsvari fyrir landshlutann gagnvart stjórnvöldum.

Hagsmunagæsla fyrir Vestfirði er því stór hluti af starfseminni og hagsmunum og sjónarmiðum Vestfjarða er komið á framfæri og fylgt eftir af festu og einurð.

Reglulega er fundað með þingmönnum NV kjördæmis, starfsmenn taka þátt í stefnumótun ríkisins í mikilvægum málaflokkum og rætt er við hagsmunaaðila innan og utan Vestfjarða. Ritun umsagna, greinaskrif og þátttaka í fundum, ráðstefnum og málþingum er einnig hluti af því að tryggja að rödd Vestfjarða heyrir.

Reglulegt samstarf við stofnanir innan og utan Vestfjarða er mikilvægur hluti af hagsmunagæslunni.

Vestfjarðastofa á í fjölbreyttu samstarfi við önnur landshlutasamtök, Samband íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál, ráðuneyti og stofnanir.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Raforkumál m.a. tengd Hvalárvirkjun
- Lagareldi – ný lög á vorþingi
- Gjaldtaka á ferðaþjónustu og skemmtiferðaskip
- Kynning á nýju Svæðisskipulagi Vestfjarða
- Umsagnir um fjármálaáætlun, fjárlög og samgönguáætlun
- Eftirfylgni með Sóknaráætlun Vestfjarða
- Stuðla að samkeppnishæfni Vestfjarða með eflingu innviða og þjónustu á Vestfjörðum

Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur það hlutverk að þjóna sveitarfélögum innan þess og vera vettvangur samstarfs þeirra.

Sveitarfélögin vinna saman að fjölmörgum verkefnum svo sem eftirfylgni svæðisáætlunar um úrgangsmál, gerð loftslagsstefna, farsældarráði, áfangastaðastofu, markaðsmálum ferðaþjónustu, sameiginlegum mennta- og menningarstefnum.

Innan vébanda Fjórðungssambands Vestfirðinga er starfandi fastanefnd um uppbyggingu innviða; innviðanefnd auk svæðisskipulagsnefndar, ungmennaráðs og úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Svæðisskipulag Vestfjarða – kynning á auglýsingatillögu
- Sveitarstjórnarkosningar 2026
- Mánaðarlegir fundir með bæjar- og sveitarstjórum á Vestfjörðum
- Græn skref Vestfjarðastofu
- Eftirfylgni Menntastefnu Vestfjarða
- Ljúka gerð aðgerðaáætlunar menningarmála á Vestfjörðum
- Samráðsfundir, ráðstefnur og þing með öðrum landshlutasamtökum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Áfangastaðaáætlun Vestfjarða
- Almyrkvi 2026

Svæðisskipulag Vestfjarða

Svæðisskipulag er sameiginleg stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hluteigandi sveitarfélaga.

Svæðisskipulag er lögformlegt ferli sem tryggir aðkomu almennings og hagsmunaaðila, auk þess að vera ákveðin skuldbinding hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Frá árinu 2024 hefur verið unnið ötullega að fyrsta Svæðisskipulagi Vestfjarða og mun auglýsingatillaga svæðisskipulags verða lögð fram í janúar 2026. Tekur þá við kynningarferli og gert er ráð fyrir að sveitarfélög á Vestfjörðum staðfesti svæðisskipulag vorið 2026. Nýjar sveitarstjórnir munu síðan þurfa að staðfesta skipulagið þegar þær taka til starfa.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Umsagnarferli auglýsingatillögu Svæðisskipulags
- Eftirfylgni og staðfestingar svæðisskipulags
- Formfesta framtíðarskipulag eftirfylgni svæðisskipulags

Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029

Sóknaráætlun Vestfjarða er stöðumat og framtíðarsýn Vestfjarða ásamt markmiðum og leiðum til að ná fram þeirri sýn. Sóknaráætlun er gerð til fimm ára í senn og eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í sóknaráætlunum er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og eftir atvikum annarri opinberri stefnumótun.

Sóknaráætlun Vestfjarða leggur áherslu á fjóra meginþætti; atvinnulíf, samfélag, umhverfi og menningu.

Framlögum til Sóknaráætlunar Vestfjarða er ráðstafað annars vegar til úthlutunar í Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og hins vegar til áhersluverkefna sem stjórn Vestfjarðastofu tekur ákvörðun um. Öll verkefni þurfa að styðja við markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Blámi – samstarfsverkefni um orkuskipti
- Gullkistan Vestfirðir
- Uppbygging og fjárfestingar
- Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin
- Sólmyrkvi 2026
- Farsældarþing og verkefni á sviði farsældar og inngildingar
- Úthlutun Uppbyggingarsjóðs 2027
- Ákvörðun um áhersluverkefni 2027-2029

Atvinnu- og byggðaðróun

Uppbygging atvinnulífs og byggðar á Vestfjörðum er í hraðri þróun þessi árin og mörg spennandi tækifæri framundan. Vestfjarðastofa hefur það hlutverk að aðstoða, hvetja og styðja fyrirtæki, frumkvöðla og sveitarfélög til að grípa tækifærin.

Hagsmunagæsla, greiningar á fjárfestingatækifærum, fjölbreytt stuðningsverkefni við nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og við frumkvöðla auk þátttöku og frumkvæðis við íbúakannanir og mikilvægt samstarf við Byggðastofnun og stjórnvöld eru meðal þess sem gert er til að ýta undir atvinnu- og byggðaðróun.

Fjölbreytt samstarf við atvinnulíf á Vestfjörðum í gegnum Sóknarhóp Vestfjarðastofu, Sjávarútvegsklasa Vestfjarða og svæðisbundin samtök atvinnurekenda á Vestfjörðum er mikilvægur þáttur í starfi Vestfjarðastofu.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun
- Gullkistan Vestfirðir
- Fjárfestingar á Vestfjörðum
- Nýsköpun og þróunarverkefni
- Erlend samstarfsverkefni
- Sóknarhópur Vestfjarðastofu
- Sjávarútvegsklassi Vestfjarða

Samningur við Byggðastofnun – atvinnu- og byggðaðróun

Vestfjarðastofa starfar samkvæmt samningi við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun. Markmið samningsins eru að efla og styðja byggðaðróun, nýsköpun og atvinnuþróun á Vestfjörðum, með áherslu á búsetuskilyrði, samkeppnishæfni og svæðisbundna styrkleika.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla um þróun hugmynda sem styrkja atvinnulíf
- Samstarf við atvinnulíf gegnum Sóknarhóp Vestfjarðastofu og sjávarútvegsklasa
- Samstarf við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf
- Fagrað atvinnuráðgjafa
- Þátttaka í vor- og haustfundum Byggðastofnunar og landshlutasamtaka

Samningur við Byggðastofnun – Brothættar byggðir

Vestfjarðastofa í samstarfi við Byggðastofnun um tvö verkefni undir merkjum Brothættra byggða á Vestfjörðum. Annars vegar er það verkefnið „Fjárjóður fjalla og fjarða“ í Reykhólahreppi og hins vegar verkefnið „Jú víst! Kraftur í Kaldrana“ í Kaldrananeshreppi.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Íbúafundir og íbúasamráð
- Stuðningur og hugmyndaþróun
- Samráð og fundir verkefnastjórna, verkefnastjóra ofl.
- Úthlutanir úr frumkvæðissjóðum

Fjárfestingar, nýsköpun og þróunarverkefni

Stuðningur við gerð viðskiptaáætlana og umsóknir í sjóði, undirbúningur og grunnvinna fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni eru mikilvægur þáttur í atvinnu- og byggðaðróun Vestfjarða. Í því felst mikil vinna við að móta verkefni og sækja um í innlenda og erlenda sjóði sem og aðstoða frumkvöðla og fyrirtæki við umsóknagerð.

Fjárfestingar á Vestfjörðum er áhersluverkefni Sóknaráætlunar og hluti af því verkefni er samantekt gagna, vefurinn Inwest og að halda fjárfestaviðburð.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Startup Landið
- Verkefni tengd lagareldi
- Orkutengd verkefni
- Nýsköpun og vöruþróun í starfandi fyrirtækjum
- Viðhald og uppfærsla á Inwest vef
- Samantekt gagna og upplýsinga um fjárfestingar
- Fjárfestaviðburður

Erlend samstarfsverkefni

Síðustu ár hefur Vestfjarðastofa verið þátttakandi í nokkrum erlendum samstarfsverkefnum. Stærst þeirra hafa verið RECET og MERSE. Báðum verkefnum lýkur á árinu 2026.

RECET verkefnið eða *Rural Europe for the Clean Energy Transition* er styrkt úr LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á umhverfis og loftslagsmál.

MERSE verkefnið eða *Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship* er styrt úr Norðurslóðaáætluninni (Northern Periphery and Arctic Programme) og þar er lögð áhersla á að greina hvernig stuðningi við samfélagslega nýsköpun verði best háttað.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Vinnuferðir vegna verkefna
- Skýrslugerð
- Vinnustofur, kynningar og önnur þekkingarmiðlun vegna verkefnanna
- Verklök og frágangur verkefna
- Umsóknir í ný verkefni

Farsældarráð og ungmennaráð

Árið 2022 tóku í gildi lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í 5. gr. laganna er kveðið á um svæðisbundin farsældarráð en það er vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna sem sveitarfélög skipa.

Verkefnið er samtarf Vestfjarðastofu og Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Það nær yfir allt starfssvæði Vestfjarðastofu og vinnur verkefnastjóri með hagaðilum um alla Vestfirði. Verkefnastjóri er ráðinn til tveggja ára og er áætlað að innan þess tíma verði farsældarráð Vestfjarða tekið til starfa og unnin hafi verið fyrsta áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára.

Ungmennaráð Vestfjarða starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Ráðið er kjörið til eins árs í senn. Á árlegu ungmennanæpingi að hausti er kjörinn einn aðalmaður og einn varamaður úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Kjörgeng eru þau sem verða 13-18 ára á árinu sem þingið fer fram og eiga lögheimili á Vestfjörðum.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Aukið samstarf þjónustuveitenda á Vestfjörðum
- Fundir farsældarráðs og stjórnar farsældarráðs
- Gerð aðgerðaráætlunar farsældar
- Samræmdar forvarnaraðgerðir
- Ungmennanæping Vestfjarða
- Reglulegir fundir ungmennaráðs

Grænt bókhald og úrgangsráð

Síðasta ár hefur Vestfjarðastofa leitt innleiðing á grænu bókhaldi sveitarfélaga á Vestfjörðum. Öll sveitarfélög hafa tengst hugbúnaði Klappa til að auðvelda yfirsýn og innleiðingu græns bókhalds.

Úrgangsráð Vestfjarða hefur það verkefni að stilla saman strengi, vinna að og fylgja eftir þeim verkefnum í úrgangsmálum sem varða öll sveitarfélög á Vestfjörðum.

Í úrgangsaætlun er jafnframt gert ráð fyrir starfi hringrásarfulltrúa hjá Vestfjarðastofu sem heldur utan um starf úrgangsráðs.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Innleiðing á grænu bókhaldi hjá sveitarfélögum
- Vinnustofur um grænt bókhald
- Endurskoðun á starfi úrgangsráðs og hringrásarfulltrúa

Markaðsstofa/áfangastaðastofa Vestfjarða

Vestfjarðastofa vinnur að þróun og markaðssetningu svæðisins samkvæmt samningi við Ferðamálastofu og í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Vestfjarðastofa sinnir ferðaþjónustu svæðisins undir merkjum Markaðsstofu Vestfjarða og Visit Westfjords. Verkefni í tengslum við ferðaþjónustu eru unnin í samstarfi við sveitarfélögin og fyrirtæki í ferðaþjónustu á svæðinu.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Vetrarferðaþjónusta
- Gervigreindarbestun vefja
- Almyrkvi 2026
- Blaðamannaferðir
- Ferðasýningar
- Gerð og eftirfylgni áfangastaðaáætlunar

Menning og skapandi greinar

Menning og afþreying eru ráðandi þáttur í byggðafestu hér á landi en slíkt þrífst ekki í tómarrúmi. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa í gegnum markmið gildandi Sóknaráætlunar sett sér að efla fjölbreytt menningarlíf svæðisins, stuðla að samvinnu um viðburði, styrkja félagsleg tengsl og hvetja til þátttöku. Menningarfulltrúi Vestfjarða er starfsmaður Vestfjarðastofu og sinnir Vestfjarðastofa fjölbreyttu hlutverki við að styðja og hlúa að menningarstarfsemi á Vestfjörðum.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Púkinn, barnamenningarhátíð
- Stuðningur við kvikmyndverkefni
- Stofnun og rekstur menningarráðs Vestfjarða
- Menningarstefna Vestfjarða

Innri mál Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa annast rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga auk þess að reka Markaðs- og áfangastaðastofu Vestfjarða auk þess að halda utan um og hafa umsjón með fjölmörgum verkefnum. Undir rekstur Vestfjarðastofu fellur meðal annars stjórnun, fjármálaumsjón, mannauðsmál, kynningarstarf og tæknimál.

Fjármögnun Vestfjarðastofu er í gegnum ýmsa samninga við sveitarfélög á Vestfjörðum, ríki og Byggðastofnun.

Lögð er mikil áhersla á miðlun upplýsinga af starfsemi sem heyrir undir Vestfjarðastofu og í því skyni eru reknar heimasíður eins og www.vestfiridir.is, www.westfjords.is, www.vestfjardaleidin.is og fleiri. Sýnileiki á samfélagsmiðlum er jafnframt áherslupáttur. Mánaðarlegt fréttabréf Vestfjarðastofu er mikilvægur þáttur í sýnileika starfseminnar og í því má jafnan finna yfirgripsmikla yfirsýn yfir verkefni hvers mánaðar.

Meðal verkefna ársins 2026 eru:

- Námskeið og kynningar fyrir starfsfólk
- Kynningar starfsmanna á verkefnum
- Fréttabréf mánaðarins
- Aukin notkun tækni og gervigreindar



Vestfjarðastofa